



Skýrsla um verkefnið „Læsi í Krikaskóla“ sem
Sprotasjóður styrkti skólaárin 2013-14 og 2014-15.

Verkefnastjóri: **Andrea Anna Guðjónsdóttir**

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Læsi í Krikaskóla

Nafn skóla: Krikaskóli

Nafn verkefnisins: Læsi í Krikaskóla

Nafn verkefnistjóra: Andrea Anna Guðjónsdóttir



Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmiðið var að börnin verði læs á sig og umhverfi sitt með samþættingu námsgreina og þemanámi sem byggir á fyrri reynslu og þekkingu barna frá ári til árs. Grundvöllur alls náms byggist á góðri lestrarfærni. Með góðri lestrarfærni er átt við góðan lesskilning sem nýtist börnum í námi og starfi um ókomna tíð. Metnaðarfull aðkoma allra í skólasamfélaginu, barna, starfsfólks, skóla og heimila var mikilvæg í þessu þýðingarmikla þróunarverkefni.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Leikskólalæsi /Byrjendalæsi er er sú leið sem valin hefur verið til þessa verkefnis. Það miðar að því að börn nái góðum árangri í læsi allt frá byrjun skólagöngu sinnar frá 2ja ára aldri. Markviss vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði,

setningabygging, málfræði og markviss málörvun tengd inn í ferlið. Gengið var út frá því að börn allt frá 2ja ára aldri þyrftu að fá örvun og ögrun í námi með lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnninnar hugsunar. Þessi nálgun gerir ráð fyrir að fá samfellu í náms-og kennsluhætti sem spannar átta ár í skólagöngu barnanna. Krikaskóli er skóli án aðgreiningar. Því var lögð áhersla á samvinnu barnanna og einstaklingsþarfir þeirra, með það að leiðarljósi að börn fái jafnan rétt til náms óháð kyni og andlegu atgervi. Þannig ná þau valdi á lestri og eflist í lesskilningi. Skólanámskrá endurgerð og samfella milli árganga tryggð með markmiðum um læsi fyrir hvern árgang í Krikaskóla. Skólanámskrá unnin í hópum og þar með yrði hugmyndafræði skólans ásamt leiðum skýrari bæði fyrir starfshópnum sem og foreldrum. Mikilvægt var einnig að skoða endurtekningar og vinna markvisst með að efla þjónustu fyrir þau börn sem skara fram úr.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Það var veruleg breyting á innleiðingarferlinu þegar kennarar á yngsta stigi Varmárskóla óskuðu eftir að verða okkur samferða við innleiðingu Byrjendalæsis. Óskað var eftir að leiðtoginn í Krikaskóla, Andrea Anna Guðjónsdóttir, leiddi einnig innleiðingu í Varmárskóla og ráðgjafi fyrir báða skólana frá HA var Hólmfríður Árnadóttir. Þetta varð þannig mun umfangsmeira verk en áður var áætlað. Andrea Anna var því í 50% starfshlutfalli sem verkefnastjóri íslensku í Krikaskóla til að sinna þessu verkefni.

Vegna samsetningar skólans, sem er bæði leik- og grunnskóli, var ákveðið að innleiða Leikskólalæsi samhliða Byrjendalæsi í Krikaskóla. Einnig lögðum við áherslu á að auka námsefni til málörvunar í skólanum sem og festa kaup á fjölbreyttari námsefni til íslenskukennslu. Það voru allir starfsmenn skólans sem tóku þátt í innleiðingarferlinu fengu fræðslu og sóttu námskeið. Nauðsynlegt er að allir hafa tækifæri til þátttöku og til skilnings á mikilvægi verkefnisins í starfi með börnunum. Aukin færni og þekking starfsmanna ætti því að efla allt starf skólans og styrkja daglegt starf með börnum.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Viðhorf okkar í þessari þróunarvinnu einkenndist að „við hugsum í lausnum“.

Þær hindranir sem komu fram í þessu verkefni einkenndust sérstaklega af breytingum í starfsmannahópi. Nokkrar breytingar hafa orðið á þessum tveimur árum í kennarahópi 6 til 9

ára barnanna. Við því þurfti að bregðast og mennta nýja kennara til starfans þannig að þeir gætu starfað innan aðferðarinnar með öðru starfsfólki skólans. Þar skapaðist aukið álag á verkefnastjóra og námskeið urðu að verða markvissari og handleiðsla innan skólans sterkari. Á köflum varð því innleiðingarferlið erfiðara en annars hefði orðið.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Tilgangur þróunarstarfsins í Krikaskóla var að efla samfellu í námi barna. Það er hluti af hugmyndafræði skólans og þar sem lagt er upp með að samfella verði í námi og kennslu barna frá 2ja til 10 ára aldurs. Tilgangurinn hér var að útfæra þá samfellu í takt við nýjar aðalnámskrár með áherslu á læsi og jafnrétti. Það tókst með eindæmum vel að vinna og framkvæma verkefnið þannig að samfella og rauður þráður náðist í læsiskennslu í skólanum. Með þessari samfellu í skólanámskrá kemur fram að stöðugt er verið að bæta ofan á fyrri þekkingu barnanna og eru námsmarkmið skýr fyrir hvern aldurshóp. Einnig kemur það skýrt fram í nýrri skólanámskrá skólans sem er aðgengileg á <http://www.krikaskoli.is/forsida/> hvernig einstaklingsmiðun barna í námi er, þannig að allir hafi jafnan rétt til náms. Gert var myndaband á Degi íslenskrar tungu þar sem hægt er að sjá hvernig þessi vinna endurspeglast beint í skólastarfinu <https://www.youtube.com/watch?v=PLqrmTmJbXE>

Tekin var sú ákvörðun að skrifa lestrarstefnu fyrir Krikaskóla sem mun verða birt haustið 2015 og koma til framkvæmdar skólaárið 2015-16. Þar munum við draga fram verkferla við lestrarnámi skólans. Samfellu milli árganga og auknar áherslur frá eflingu málþroska í heild sinni til tæknilegs lestrarnáms. Lestarstefna skólans er nánar útfærð framkvæmdaráætlun á áherslum Skólanámskrár Krikaskóla, árganga og greinahluta.

Unnið hefur einnig verið samhliða að stærðfræðiverkefni sem byggir á sömu hugmyndum um læsi barna í Krikaskóla. Þar sem lögð er áhersla á þrautir og þrautarlausnir barna. Markmiðið er að efla skilning þeirra og tjáningu í lausnarleiðum. Byggt er á rannsóknum um talna- og aðgerðarskilning barna Cognitively Guided Instruction (CGI) eða Stærðfræðikennsla byggð á skilningi barna (SKSB). Fagleg leiðsögn kennara hefur verið í höndum dr. Ólafar Bjargar Steinþórsdóttur. Verkefnið „Stærðfræðilæsi í Krikaskóla“ hlaut styrk frá Sprotasjóði fyrir skólaárið 2015-16 og verður spennandi að halda áfram útfærslu á læsi í Krikaskóla.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Þau markmið sem sett voru fram hafa náðst að fullu og áætlun stóðst í öllum grundvallaratriðum. Afrakstur verkefnisins sem er samfellan í námi samkvæmt skólanámskrá, niðurstöður skimana sem og breyttir kennsluhættir hafa þegar verið kynntir foreldrum, skólaráði og kennurum.

Samhliða verkefninu hefur skólanámskrá Krikaskóla verið endurskoðuð og mun hún stuðla að eflingu skólastarfsins skólaárið 2015-16. Matsaðferðir hafa verið samræmdar og efldar. Lögð var vinna í nýtt form vitnisburðar sem er meira lýsandi fyrir 1.-4. bekk og var það nýtt í fyrsta sinn vorið 2015.

Í árganga og greinahluta skólanámskrár Krikaskóla koma fram markmið og leiðir fyrir hvern aldurshóp barna í Krikaskóla. Samfella í námi þeirra í íslensku sem og áhersla skólans á þemaverkefni og tengingu íslenskunnar inn í alla þætti skólastarfsins. Kennsluáætlanir eru einnig fyrirbyggjandi fyrir hvern aldurshóp og þær eru birtar á heimasíðu skólans.

Verkefnið Læsi í Krikaskóla hefur haft varanlega áhrif á skólastarfið í Krikaskóla. Samfella hefur skapast milli leik- og grunnskólahluta hans. Kennarar hafa setið saman á fundum og námskeiðum, þekking þeirra hefur aukist á aðferðinni leikskólalæsi og byrjendalæsi en ekki síður hefur sameiginleg reynsla þeirra á námsleiðum barnahópsins eflst.

Heimasíða skólans hefur tekið miklum breytingum og er mun meira upplýsandi en áður. Við höfum greint gögn og rýnt í niðurstöður skimana og samræmdra prófa til að efla íslenskukennsluna en frekar og eru þessar niðurstöður aðgengilegar á heimsíðu skólans en þar höfum við ekki birt þær áður. Sjá <http://www.krikaskoli.is/namskrar/namsmat/>

Við höfum haldið foreldranámskeið til að kynna kennsluhætti skólans og áherslur í námi. Þar var einnig rætt um hlutverk skólans og foreldra í lestrarnámi barna. Lögð áhersla á samstarfið sem þarf að eiga sér stað og skilning á báða bóga.

Skýrsla þessi mun birtast á heimsíðu skólans <http://www.krikaskoli.is/>

Niðurstöður verkefnisins:

Yfirlit þess sem kom fram við framkvæmd verkefnis:

- Þekking kennara lykilatriði við innleiðingu. Samtalið milli kennara gríðarlega mikilvægt og ljóst að þar liggur vaxtabroddur skólastarfs.
- Skólanámskrá Krikaskóla var endurskrifuð miðað við stöðu skólaþróunar í Krikaskóla. Að verkinu komu allir starfsmenn skólans yfir langt tímabil. Gefa þarf rúman tíma í slík

verk þar sem mikilvægara er að starfsmenn starfi í anda hugmyndafræði en að slíkt séu aðeins orð á blaði.

- Heimasíða skólans endurgerð með mun ítarlegri upplýsingum. Þar er í raun gagnasafn um starf skólans og áherslur.
- Samfella í námi barna frá 2ja til 9 ára hefur aukist til muna. Fundir til að tryggja slíka samfellu eru haldnir reglulega og verða áfram fastir í sessi. Þar sitja saman leik- og grunnskólakennarar og fara yfir hvaðeina sem lítur að íslenskukennslu í skólastarfinu.
- Fjölbreytni í náms og kennsluháttum er eitt af lykilatriðum í skólastarfi Krikaskóla og ljóst er að verkefnið hefur eft þann þátt. Sköpun barnanna og virkni er lögð til grundvallar.
- Árangursmælingar hafa bent til þess að á liðnum árum hefur verið stígandi í skólastarfinu í Krikaskóla. Börnin eru að ná góðum árangri á t.d. samræmdum prófum en slíkar niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans. Sama er að segja um Hljóm-2 athugun 5 ára barna þar er árangur góður.
- Markmið um skóla án aðgreiningar er einnig að nást vel fram. Börnin fá ólíka nálgun í almennu skólastarfi, bæði í leik- og grunnskóla. Einstaka undantekningar eru á því en það er að okkar mati eðlilegur hlutur.
- Þróuð var leið til að upplýsa foreldra um skólastarfið í gegnum facebook síðu. Það hefur vakið mikla ánægju og þar er nú skemmtileg birtingarmynd á skólastarfinu dags daglega.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Það er mikilvægt fyrir skóla sem er í uppbyggingu að fá styrk til að efla enn frekar kennsluhætti sína og auka þar sem möguleikana á samvinnu þvert á árganga. Þetta ferðalag hefur eft markvisst faglegt starf í skólanum.

Innleiðingarferli Byrjendalæsis - Leikskólalæsis hefur gengið mjög vel. Vel hefur gengið að koma til móts við einstaklingsþarfir barnanna. Ljóst er að verkefnið hefur rammað inn það starf sem skólinn hefur þróað. Sameiginlegar áherslur og samræming milli árganga hefur einnig skilað okkur markvissara innra starfi í Krikaskóla. Samræming á læsi bæði bóklæsi og

stærðfræðilæsi hefur einnig aukist til muna sem birtist í Skólanámskrá Krikaskóla, árganga og greinahluta sem og í verkum barnanna.

Samstarfið við Varmárskóla sem og HA var farsælt einnig mikil stuðningur við verkefnið.

Við erum ánægð með þróunarverkefnið og höldum ótrauð áfram til að festa það í sessi í starfi skólans.

Mosfellsbær 3. nóvember 2015

Þrúður Hjelm
Skólastjóri Krikaskóla